

## *Svæðisráðsfundur Eddusvæðis haldinn að Engjateigi 11, 13.nóvember 2010*

Svæðisstjóri Jón Jakob Jóhannesson setti fund kl. 10

Svæðisráðsritari Baldur Árnason kynnti mætingar og bað viðstadda að kynna sig. Mættir voru 19 Kiwanisfélagar, 6 frá Jörfa, 4 frá Kötlu, 5 úr Höfða og 2 frá Þyrli, auk þess var Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri mættur og Björn Baldvinsson úr Mosfelli, formaður ferðanefndar.

Fráfarandi svæðisráðsritari Sigurður Jóhannesson las fundargerð síðasta fundar, sem var 27.mars 2010 að Görðum á Akranesi. Var hún samþykkt.

Þá flutti svæðisstjóri skýrslu sína og síðan fluttu forsetar skýrslur sínar: Guðmundur St. Sigmundsson forseti Höfða, Valur Helgason forseti Jörfa, Gísli Skarphéðinsson forseti Kötlu og Stefán L Pálsson forseti Þyrils. Engin var mættur frá Jöklum og því engin skýrsla frá þeim.

Engar umræður urðu um skýrslurnar en nú tók umdæmisstjóri Óskar Guðjónsson til máls og lýsti ánægju sinni með góðar skýrslur, ljóst væri að starfið í þessum klúbbum væri öflugt og skemmtilegt og gaman væri að sjá að þar væri líka verið að fjölga. Hann sagði frá sérstakri fjölgunarnefnd, sem komin væri á laggirnar en Sigurður Svavarsson úr Höfða er formaður hennar.

Óskar sagði að Eddusvæðið væri fyrirmyndarsvæði, flestir klúbbarnir hefðu verið útnefndir fyrirmyndarklúbbar og svæðisstjórinn verður útnefndur fyrirmyndar svæðisstjóri.

Þá ræddi hann um breytta svæðaskipan þar sem Eddu og Þórsvæðið yrðu sameinuð, og þyrftu menn að koma sér saman um nafn á svæðið og hver yrði svæðisstjóri og kjörsvæðisstjóri, en breytingin tekur gildi 1. okt. 2011. Þetta þarf að gerast fljótlega þar sem embættismenn verða kallaðir inn til fræðslu í apríl n.k. Sérstök nefnd hefur verið skipuð til að aðstoða Færeyinga við að koma nýju svæði í gang. Undirbúningur K-dags er í fullum gangi og hannaður hefur verið raunverulegur lykill sem verður seldur. K-dagsnefnd mun reyna að heimsækja sem flesta klúbba til að kynna málið og hvetja þá í sölu. Það verða K-dagar 10-14.maí og verða undanfari sölu K-lykilsins. Unnið er að hjálma málinu með Eimskip.

Þá sagði Óskar frá nýju heimsverkefni MNT sem stendur til 2015 en verður hleypt af stokkunum á heimsþingi í Genf í sumar. Ferð verður gerð á heimsþingið sem verður sjötta hvert ár í Evrópu, síðan tvö ár í Bandaríkjunum, þá í Asíu og svo aftur tvö ár í Bandaríkjunum. Þá fagna klúbbarnir í Færeyjum 20 og 30 ára afmælum sem haldið verður upp á í byrjun juní, og verður gerð ferð þangað, m.a. ætlar hópur úr Óðinssvæðinu að fjölmenna þangað. Umdæmið hefur fengið afslátt af erlendum gjöldum þrisvar sinnum og sótt hefur verið um það nú, en ákveðin svör ekki fengist en búist við svári eftir að heimsstjórn tekur málið fyrir í janúar.

Fyrir liggur að heimasíða umdæmisins verður uppfærð og endurnýjuð. Þá sagði hann að utanumhald félagatalsins á heimasíðunni ætti nú algjörlega að vera í höndum klúbbanna og mikilvægt væri að þeir héldu vel utan um þau mál. En samkvæmt félagatalinu hefði fjölgað í hreyfingunni úr 880 í 940, þannig að markmiðið 1.012 fyrir 2012 sé ekki lengur svo fjarlægur draumur. Þess verður farið á leit við heimsstjórn að 3-400 konur sem starfa í Sinawik á Íslandi verði taldar með í félagafjöldanum, þó án þess að þurfa að greiða erlendu

gjöldin. Þá gekkst kvennanefnd umdæmisins fyrir kynningu sem tóks vel undir stjórn Hjördísar Harðardóttur.

Þá sagði umdæmisstjóri frá alvarlegum veikindum Geirs Guðmundssonar.

Nokkrar umræður urðu um liti á hjálmum, en heyrst hefur að þeir verði nú bleikir og bláir.

Sigurður Svavarsson sagði frá fyrirhuguðu heimsverkefni sem styrktarsjóður Kiwanis mun vinna í samstarfi með UNICEF. Markmiðið er að koma í veg fyrir dauða 100 þús. barna og ungra mæðra með stífkampa, í 40 löndum, en til þess þarf að safna 110 millj. dollurum á næstu 10 árum.

Þannig að hver félagi í hreyfingunni þarf að leggja til sem samsvarar 4-5 þús. kr. á ári.

Óskar sagði að undirbúningur væri þegar hafinn og við yrðum meðal 20 borga þar sem stofnaðar yrðu fókusgrúppur til að forma verkefnið.

Björn Baldvinsson úr ferðanefnd umdæmisins sagði frá ferð til Færeyja í byrjun júní til að taka þátt í afmælum færeysku klúbbanna, í boði er flug eða sigling.

Þá greindi hann frá ferð á Heimsþingið í Genf í byrjun júlí, flogið til Milano 6.júlí, farið um Frakkland og Sviss og flogið heim frá París. Upplýsingar um ferðirnar verða komnar inn á heimasíðu umdæmisins í næstu viku. Verð er áætlað 1600 – 1800 €.

Þá var gert matarhlé. Óskar tók til máls, sagði „Hvítu bókina“ alveg vera að koma. Þá væri komin inn á heimasíðuna form fyrir ársskýrslu, sem verið hefði í fyrirmyndarviðmiðunum, og bað hann menn um að ganga í það að fylla hana út.

Þá var komið að umræðuhópum, skipt var í fjóra hópa og fékk hver hópur sína spurningu, en áttu auk þess allir að svara spurningunni: *Er ekki möguleiki að fjölga í núverandi klúbbum, með því að bjóða konum aðgang, eða eiga þær að vera í sérstökum klúbbum ?*

Hópur 1 fékk spurninguna: *Hvað finnst ykkur um heimasíðu umdæmisins og aðgang að upplýsingum þar, hvernig má bæta hana ?* Menn voru frekar ánægðir með heimasíðuna, en bæta má uppfærslu á hinum ýmsu leiðbeiningum, svo sem um stjórnarskipti og inntöku nýrra félaga, vinna betur að tékklistum og auka upplýsingaflæði frá fundum umdæmisstjórnar.

Mikil gleði með þær fréttir að verið sé að uppfæra síðuna.

Skiptar skoðanir um konurnar, en því ekki blandaða klúbba á okkar svæði.

Hópur 2 fékk spurninguna: *Hefur umdæmið gert nóg í því að laga sig að samtímanum, hvernig er best að kynna Kiwanishreyfinguna ?* Við þurfum að ná athygli fólks í gegn um fjölmiðla og kynna okkur, fyrir hvað við stöndum og hvað við erum að gera. Það er líka nauðsynlegt að aðlaga okkur að samtímanum. Teljum athugandi að skoða aðild kvenna að okkar klúbbum til að fjölga í hreyfingunni.

Hópur 3 var með spurninguna: *Hvernig eflum við innra starfið í klúbbunum og gerum það skemmtilegt ?* Hafa fundina vel skipulagða og stutta, fá skemmtilega ræðumenn, helst ekki

stjórnmalanemm, hafa skýr skil á milli félagsmála og almennra funda. Gera innra starfið skemmtilegt með skemmtunum, ferðalögum, t.d. sumarferðum, leikhúsförum og fl. Klúbbarir þurfa að gera vel við félagana, svo sem í því að greiða niður kostnað við uppákomur og fá þannig meiri mætingu, þetta hefur gefist vel. Varðandi konurnar, þá eru tímarnir að breytast, það koma til með að verða bæði blandaðir og kynjaskiptir klúbbar.

Hópur 4 var með spurninguna: *Hvernig getum við eftt samstarfið á svæðinu, og hvernig nýtist okkur heimasíða svæðisins best ?* Fara í heimsóknir í aðra klúbba og fara saman í sumarferðir. Embætti svæðisstjóra verður erfitt í svona stóru svæði. Kiwanisfélagar fari oft inn á síðuna og verði lifandi þar. Frekar ætti að stofna nýja blandaða klúbba. Athuga að halda opið hús og kynna almenningi Kiwanis, t.d. í sambandi við hjálmaafhendingu eða K-dag.

Önnur mál. Sigurður Svavarsson Höfða, formaður útbreiðslu og fjölgunarnefndar. Hann sagði góðan anda á þessu svæði, sem ekki væri að heilsa alls staðar, fjölgunin fer fram í klubbunum og maður á mann aðferðin gefst best. Með nýjum mönnum opnast nýjar víddir og menn verða að halda áfram að vinna þetta sem verkefni.

Stefán L Pálsson lagði áherslu á stutta fundi og sagði frá 60 mínútna fundum á Nýfundnalandi.

Valur Helgason sagði að starfið yrði að vera skemmtilegt og hjá Jörfa væri tilhlökkunarefni að mæta á fundi eða vinna að verkefnum með félögum. Varðandi nýja félagi sem koma inn í gegn um félagi, þeir aðlagast fljótt og falla vel inn í hópinn. Taldi að breyting á samfélaginu væri að vinna með okkur, kallað væri eftir því að menn hjálpuðu hver öðrum og það væri einmitt það sem Kiwanis væri að gera.

Jón Jakob ítrekaði að samveran og samvinnan við verkefni skapaði samheldni og vináttu félaganna, vináttu sem hann hefði svo sannarlega upplifað í veikindum sínum nýverið.

Svæðisstjóri þakkaði góðar skýrslur, sagðist hlakka til að heimsækja klubbana og sleit fundi kl. 12:50

**Ritari: Baldur Árnason**

**Svæðisstjóri: Jón Jakob Jóhannesson**

Fundargerðin samþykkt á sameiginlegum fundi Eddu og Þórssvæða 26.mars 2011